

Alþingi
Erindi nr. P 138/1434
komudagur 26.3.2010



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Gautur Sturluson, nefndarritari
Austurtræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2010
Mál nr. 1003009

**Efni: Umsögn um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006,
byggðakvóti og ráðstöfun aflaheimilda, 424. mál**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur óskað eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, byggðakvóta og ráðstöfun aflaheimilda.

Samtökin hafa ítrekað lýst þeirri skoðun sinni í umsögnum sínum til Alþingis að tilfærsla aflaheimilda með heimildum ráðherra til sérstakra ráðstafana, feli í sér mismunun. Undir þær heimildir fellur meðal annars svokallaður byggðakvóti. Sömu reglur eiga að gilda um alla aðila í sjávarútvegi og styðjast ber við aflamarkskerfi, en ekki grípa til sértækra úrræða sem grafa undan forsendum kerfisins.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lögð til nýmæli, sem fela í sér að ráðherra verði fengin lagaheimild til tæplega þriggja ára til að takmarka framsal aflaheimilda verði fyrirtæki gjaldþrota eða fái greiðslustöðvun.

Gerð er alvarleg athugasemd við að ekkert samráð hefur verið haft við samtökin um þetta nýmæli. Lagagreinin sjálf og skýringar með henni vekja enn fremur upp fleiri spurningar um mögulega túlkun og áhrif þessarar lagaheimildar á rekstrarumhverfi fyrirtækja, stöðu sveitarfélaga og önnur þau sjónarmið sem ráðherra á að taka mið af við þessa matskennda ákvörðun. Hvernig á til dæmis að taka á starfsemi fyrirtækis sem landar, vinnur og hefur starfsstöðvar í fleiri en einu sveitarfélagi?


Eins og 2. gr. er lögð fram í frumvarpinu, felur hún í sér opna heimild til að taka matskennda ákvörðun. Engin sérstök lögbundin sjónarmið eru lögð til grundvallar sem takmarka vald ráðherra eða setja því skorður. Svo viðamikilið og óskilyrt framsal valds stenst ekki og er ólöglegt.

Inngrip af þessu tagi getur auðveldlega haft öfug áhrif á virði aflaheimilda og þar með rekstrarumhverfi og veðhæfni lánasafns fyrirtækja. Verið er að rýra vernd kröfuhafa og jafnframt er gengið gegn markmiðum skuldaskila um að hámarka eigi verðmæti þrotabúa. Jafnframt er verið að takmarka framseljanleika aflaheimilda með þessu frumvarpi og þar með að vega beint að undirstöðum aflamarkskerfisins, en það gengur gegn markmiðum laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

Í ljósi þessa skal sérstaklega bent á að löggjafanum ber skylda til að vernda og tryggja réttindi fyrirtækja í sjávarútvegi, þar með talið þau réttindi sem aflaheimildir veita handhöfum þeirra. Aðilar hafa haft lögmætar væntingar við nýtingu aflaheimilda, hvort sem þeir hafi keypt þær eða áunnið sér þær með veiðireynslu og þær ber að virða.

Þetta frumvarp felur í sér sértæka takmörkun á ráðstöfunarrétti aflaheimilda sem ekki er hægt að fallast á. Það gengur gegn meginreglum eignaréttar og skuldaskilaréttar um vernd kröfuhafa. Þetta mál er illa ígrundað, ekki síst hvað varðar mögulegar afleiðingar þess á rekstrarumhverfi sjávarútvegsins. Við leggjum því til að þetta frumvarp nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Friðrik Friðriksson, hdl.